

Baðfélag Mývatnssveitar  
Jóhann Kristjánsson  
Sogavegi 129  
108 Reykjavík

2002060009  
9310; 6607

Reykjavík, 16. maí 2003

### **Efni: Heilsubaðstaður við Jarðbaðshóla í Skútustaðahreppi. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Baðfélags Mývatnssveitar dags. 10. apríl 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um fyrirhugaðar framkvæmdir við heilsubaðstað við Jarðbaðshóla í Skútustaðahreppi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 12 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Skútustaðahrepps, Ferðamálaráðs Íslands, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Skútustaðahreppi með bréfi dags. 8. maí 2003, Ferðamálaráði Íslands með bréfi dags. 9. maí 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 8. maí 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 8. maí 2003.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 9. maí 2003 og tölvupósti dags. 14. maí 2003.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaður heilsubaðstaður við Jarðbaðshóla í Skútustaðahreppi sé á jaðri háhitasvæðisins í Bjarnarflagi um 4 km frá Mývatni. Framkvæmdirnar felast í gerð baðlóns, móttöku, verslunar, barnapotts og gufubaðs. Áformað er að skipta framkvæmdunum í tvo áfanga. Í fyrsta áfanga verður gert baðlón auk öryggis- og affallslóns sem verða samtals um 2.500 m<sup>2</sup>. Lónið verður hitað með borholuvatni sem fellur til í gufuskiljum Landsvirkjunar. Vatnið verður flutt í niðurgrafinni lögn um 1 km leið að baðlóninu. Lónið sjálft verður með þéttum botni en affall þess mun fara í sprungu sem tilheyrir sama sprungukerfi og affall núverandi Bjarnarflagslóns fellur í. Í fyrsta áfanga verður jafnframt reist 350 m<sup>2</sup> starfsmannaaðstaða, um 45 m<sup>2</sup> gufubað með sturtum, hvíldar- og snyrtiaðstöðu og hefðbundnum heitum potti og buslpotti fyrir börn. Í síðari áfanga er gert ráð

fyrir um 100 m<sup>2</sup> geymslu, fjölgun heitra potta, leirböðum, sérstökum heilsböðum, um 300 m<sup>2</sup> veitingahúsi, heilsustofnun á allt að 1.080 m<sup>2</sup> byggingarreit, um 200 m<sup>2</sup> starfsmannaaðstöðu, gisti- og þjónustuhúsi. En síðasttöldu húsin geta, hvort um sig, orðið þriggja hæða á allt að 1.080 m<sup>2</sup> byggingarreit. Framkvæmdaraðili stefnir að því að taka fyrsta áfanga í notkun í maí 2004 en ekki hefur verið ákveðið hvenær ráðist verður í seinni áfanga.

Í gögnun framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé talið líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Framkvæmdaraðili hafi skoðað sérstaklega mengunarhættu grunnvatns vegna frárennslis frá sturtum og salernum, vegna breytinga á rennislisleiðum affallsvatns frá borholum og vegna breytinga á örveruflóru við böðun. Einnig hafi verið lagt sérstakt mat á sjónræn áhrif. Fram kemur að komið verði í veg fyrir mengun frá frárennslis salerna og baðvatns með margþrepa rotþró og affall hennar verði leitt í sandgildru. Engar líkur eru taldar á því að mengun frá affalli baðlóns kunnist stofna viðkvæmu lífríki Mývatns í hættu. Vatninu verði veitt í sama sprungukerfi og affallsvatni frá orkumannvirkjum í Bjarnarflagi og mesta vatnsmagn sem veitt verði í lónið verði aðeins þriðjungur þess sem nú berst í sprungunum. Niðurstöður efnarannsóknna og tilraunir með þynningu efna í grunnvatnsstraumum bendi til þess að áhrif snefilefna verði hverfandi. Niðurstöður rannsókna á hugsanlegum breytingum á örveruflóru í baðvatninu sýni að vatnið í núverandi lóni hafi áhrif til eyðingar þeirra örvera sem óæskilegastar teljast á baðstöðum manna. Þrátt fyrir mikinn fjölda baðgesta hafa mælingar sýnt að lónið sé laust við óæskilegar bakteríur. Framkvæmdaraðili telur að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði jákvæð. Á svæðinu hafi verið stundað malarnám og í nánasta umhverfi séu áberandi ummerki utanvegaaksturs. Byggingar verði gerðar úr efnum sem falli vel að landslagi og lítið muni bera á lóni.

Fram kemur að gerð hafi verið könnun á hugsanlegum fornleifum innan skipulagsreitsins og niðurstaða hennar hafi verið sú að engar fornminjar væru þar til staðar.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

### Almennt

Í umsögnum sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, Ferðamálaráðs Íslands, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar er talið að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Með gögnum framkvæmdaraðila fylgdi umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra sem telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

### Grunnvatn

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að helstu umhverfisáhrif af völdum framkvæmdanna geti orðið mengun vegna frárennslis og áhrif á landslag og jarðmyndanir. Fyrirhugað sé að leiða affallsvatn í sprungu skammt frá lóninu. Umhverfisstofnun taki ekki afstöðu til þess á núverandi stundu hvaða mengunarvarnir stofnunin telji nægjanlegar fyrir framkvæmdina þar sem upplýsingar um magn efna í affallsvatni vanti í innsend gögn. Umhverfisstofnun telur hins vegar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum að því tilskyldu að við mengunarvarnir séu notuð besta fáanlega tækni. Bent er á að engar upplýsingar séu um hvenær fyrirhugað sé að ráðast í 2. áfanga. Áfangaskipting gefi möguleika á að bregðast við ef vöktun á t.d. mengun gefi tilefni til.

## **Fornleifar**

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á framkvæmdasvæðinu. Á jaðri skipulagssvæðisins séu meintar minjar um brauðbakstur. Þær séu ekki í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en þær beri að varðveita. Í samráði við minjavörð Norðurlands eystra þurfi að ganga úr skugga um hvort framkvæmdin hafi áhrif á hleðsluleifar gamalla jarðbaða og gera viðeigandi ráðstafanir til varnar fornleifunum ef svo reynist.

Framkvæmdaraðili gerir í svörum sínum ekki athugasemdir við álit umsagnaraðila.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða framkvæmdir við heilsubaðstað við Jarðbaðshóla í Skútustaðahreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12 c í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdanna verði vegna förgunar affallsvatns og sjónræn áhrif mannvirkja. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi með samanburði við áhrif affallsvatns frá orkumannvirkjum í nágrenninu sýnt fram á að líklega muni affall baðvatnsins hafa óveruleg áhrif á grunnvatn. Engu að síður telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að framkvæmdaraðili fylgist með hugsanlegum breytingum á efnasamsetningu grunnvatns í nágrenninu í samráði við Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun telur að ljóst sé að þrátt fyrir áform framkvæmdaraðila um að hafa byggingar eins lítið áberandi og kostur er og nota byggingarefni sem falli vel að landslaginu þá verði ekki hjá því komist að baðstaðurinn verði nokkuð áberandi.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að heilsubaðstaður við Jarðbaðshóla í Skútustaðahreppi sé ekki líklegur til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háður mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmda- og byggingarleyfi Skútustaðahrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 20. júní 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Skútustaðahreppur, Ferðamálaráð Íslands, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun

